

Landskjörstjórn

Reykjavík, 6. maí 2013.

Forsætisnefnd alþingis og
formenn þingflokkar.
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Efni: Endurskoðun laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.


Á fundi landskjörstjórnar 30. nóvember 2009 var afgreitt minnisblað landskjörstjórnar til forsætisnefndar Alþingis og þingflokkar um þörf almennrar endurskoðunar laga um kosningar til Alþingis. Í minnisblaðinu er reifaðar hugmyndir landskjörstjórnar um athugun á tæknilegum þáttum í framkvæmd alþingiskosninga og talin upp sjö atriði sem hún ætti einkum að beinast að. Auk þess sem skoðaðir yrðu kostir og gallar heildarlöggjafar um kosningar, sem tæki jafnt til kosningar til löggjafarþings, sveitarstjórnar, þjóðaratkvæðagreiðslna og eftir atvikum aðrar kosningar. Minnisblaðið var lagt fram og kynnt á fundi forsætisnefndar 30. nóvember 2009 og samþykkt.

Eftir alþingiskosningarnar 2009 hafa verið haldnar þrjár þjóðaratkvæðagreiðslur. Þá hefur verið kosið til stjórnlagabjings, til sveitarstjórnar og til embættis forseta Íslands. Loks ber hér að nefna nýafstaðnar kosningar til Alþingis. Hafa þessi atriði m.a. leitt til þess að ekki hefur tekist að fylgja eftir þeim áformum sem lýst er í minnisblaðinu.

Með bréfi þessu vill landskjörstjórn áréttu framkomnar ábendingar sínar um að fram fari almenn endurskoðun laga um kosningar til Alþingis. Það er jafnframt skoðun landskjörstjórnar að áfram eigi að vinna málið á þeim grundvelli sem lýst er í minnisblaðinu. Þar er lagt til að starfsmenn landskjörstjórnar, í samvinnu við sérfræðinga frá innanríkisráðuneyti, þjóðskrá og eftir atvikum sveitarfélögum taki saman skýrslu þar sem gerð verði grein fyrir samanburði á íslenskri löggjöf, borin saman við alþjóðlega staðla og löggjöf í nágrannaríkjjunum. Jafnframt verði bent á


Landskjörstjórn


leiðir til úrbóta. Slík skýrsla gæti síðan orðið grundvöllur að vinnu við frumvarpsgerð.


Freyja Ófeigsson,
formaður landskjörstjórnar.


Sigrún Benediktsdóttir.


Ástráður Haraldsson.


Björn Jósef Arnarson.


Jakob Björnsson.

Fylgiskjal:

Minnisblað landskjörstjórnar til forsætisnefndar og formanna þingflokkar, dags. 30. nóvember 2009